

KAREN-MARGRETHE SIMONSEN OG DITLEV TAMM

Lög og bókmenntir í dönsku samhengi

Greining á danskri glæpasögu

Grein sú sem hér er þýdd birtist í bandaríska tímaritinu *Law and Literature* á liðnu ári.¹ Hún ber vott um vaxandi þátttöku norrænna fræðimanna á alþjóðlegu rannsóknarsviði laga og bókmennta á síðari árum en er einnig til marks um forvitnilegt og frjótt samstarf tveggja einstaklinga sem tilheyra ólíkum rannsóknarhefðum bókmenntafræði og lögfræði.

Tamm er með doktorspróf í lögfræði, prófessor í réttarsögu við Kaupmannahafnarháskóla og þekktur rithöfundur, meðal annars fyrir doktorsritgerð sína í heimspeki, *Retsopgøret efter Besættelsen*, sem út kom árið 1985. Hann hefur auk þess lengi verið áberandi í dönsku samfélagi, bæði fyrir ögrandi skoðanir og litríkan persónuleika. Enda þótt meginhluti fræðilegra verka hans sé á sviði hefðbundinnar lögfræði og réttarsögu hefur hann einnig fjallað í skrifum sínum um þekktu danska rithöfunda á borð við Ludvig Holberg og Søren Kierkegaard. Árið 2010 ritstýrði hann ásamt Simonsen greinasafninu *Law and Literature: Interdisciplinary Methods of Reading* sem hefur að geyma ritgerðir fjölbjóðlegs hóps fræðimanna um lögfræðilegar hliðar tiltekinnar bókmenntaverka, þar á meðal eftir William Shakespeare og Albert Camus.

Simonsen er dósent í samanburðarbókmenntum við Háskólann í Árósum og er höfundur margháttaðra verka þar sem fléttast saman umfjöllun um skáldverk, lögfræði og mannréttindi. Grein þeirra Tamms er að hluta til byggð á eldri grein eftir Simonsen, „The Confession of a Judge: On Narrative Desire and Law in Steen Steensen Blicher’s Early Crime Story“, sem birtist í ritgerðasafninu *Law and Justice in Literature, Film and Theater: Nordic Perspectives*

1 Um þýðinguna: Karen-Margrethe Simonsen og Ditlev Tamm (2017) *Law and Literature – the Danish Way on a Danish Crime Story*, *Law & Literature*, 29:1, 123–141. Birt með leyfi höfunda og Taylor & Francis Ltd. © Cardozo School of Law reprinted by permission of Taylor & Francis Ltd, <http://www.andfonline.com> on behalf of Cardozo School of Law.

on *Law and Humanities* sem út kom árið 2013 undir hennar ritstjórn. Meðal viðfangsefna annarra höfunda í þessu safni eru Íslendingasögur, finnska þjóðkvæðið *Kalevala* og verk eftir Ludvig Holberg, Henrik Ibsen og Lars von Trier. Tamm á eina grein í þessu safni sem ber titilinn „Law and Literature in a Nordic Legal Perspective“.

Í upphafi greinarinnar sem hér er þýdd fjalla þau Simonsen og Tamm stuttlega um þróun rannsóknarsviðs laga og bókmennta í Danmörku en meginhluti textans er bókmenntafræðileg og lögfræðileg túlkun á hinni stuttu skáldsögu *Præsten i Vejlbys* eftir Steen Steensen Blicher. Sagan kom út á dönsku árið 1829 og í íslenskri þýðingu Gunnars Gunnarssonar laust eftir miðja síðustu öld undir titilinum *Vaðlaklerkur*. Ýmislegt bendir til þess að Gunnar hafi verið undir áhrifum frá Blicher þegar hann skrifaði eina þekktustu skáldsögu sína, *Svartfugl*. Hún kom upphaflega út á dönsku árið 1929, nákvæmlega öld síðar en *Præsten i Vejlbys*. Umfjöllun dönsku fræðimannanna um verk Blichers er ágætt dæmi um rannsóknir á sviði laga og bókmennta en hún kann einnig að varpa nýju ljósi á ýmsar réttarfarslegar hliðar *Svartfugls*. Í því sambandi má benda á að neðanmáls vekja Simonsen og Tamm athygli á ótvíræðum líkindum með sögu Blichers og skáldsögunni *Michael Kohlhaas* eftir Heinrich von Kleist. Svo merkilega vill til að síðarnefnda verkið kom einnig út á íslensku í „endursögn“ Gunnars Gunnarssonar um miðja síðustu öld og bar þá titilinn *Mikkjáll frá Kolbeinsbrú*. Hugsanleg tengsl Gunnars við þá Blicher og Kleist eru tilefni frekari rannsókna á þessum þremur verkum.

Jón Karl Helgason

Lög og bókmenntir

Lög og bókmenntir er tiltölulega ungt rannsóknarsvið í Danmörku. Það þróaðist í upphafi sem hluti af samstarfsverkefni milli Norðurlandanna á tíunda áratug síðustu aldar og fyrstu árum þessarar.² Nýverið hefur námskeið í bókmenntum um efnið verið kennt við Háskólann í Árósum og undanfarnar annir hefur verið boðið upp námskeið á meistarastigi við lögfræðideild Kaupmannahafnarháskóla.

Richard Weisberg hefur, bæði með framgöngu sinni og verkum, verið áhrifavaldur á sviði laga og bókmennta á Norðurlöndunum. Hann hefur

² Sjá: *Law and Literature: Interdisciplinary Methods of Reading*, ritstj. Karen-Margrethe Simonsen og Ditlev Tamm, Kaupmannahöfn: Djøf forlag, 2010. Þeir sem áhuga hafa á norrænum rannsóknum á sviðinu er bent á *Law and Justice in Literature, Film and Theater: Nordic Perspectives on Law and Humanities*, ritstj. Karen-Margrethe Simonsen, Berlín og Boston: DeGruyter, 2013.

jafnframt haft forgöngu um þróun námskeiða um lög og bókmenntir á háskólastigi. Tvö helstu verk hans um efnið, *The Failure of the Word (Orð sem geigar)* frá 1984 og *Poethics, and Other Strategies of Law and Literature (Fagursiðfræði, og fleiri sjónarhorn laga og bókmennta)* frá 1992, ruddu brautina fyrir frekari rannsóknir. Jafnframt eru þau verk sem hann ræðir um, og túlkanir hans á þeim, svo sem *The Merchant of Venice (Kaupmaðurinn í Feneyjum)* og *Billy Budd, Sailor (Sjómaðurinn Billy Budd)* til umræðu í kennslustundum. Aðferðafræði og kenningar á sviði laga og bókmennta í Evrópu hafa að verulegu leyti tekið mið af þróuninni í Bandaríkjunum. Þannig einskorðast námsefnið á Norðurlöndunum ekki við sígild bókmenntaverk frá Evrópu heldur á hluti verkanna rætur að rekja til þess hvernig rannsóknarsviðið mótaðist upphaflega vestanhafs.

En um leið er veigamikill munur þarna á milli. Á meginlandi Evrópu er ekki hefð fyrir engilsaxneskum rétti, heldur germönskum. Á Norðurlöndunum höfum við um langa hríð aðhyllst vildarrétt, sem rekja má til skrifta áhrifaríkra réttarheimspekinga, svo sem Austurríkismannsins Hans Kelsen og danska pósitívistans Alfs Ross. Þótt vildarréttur byggist á ríkum almennum skilningi á nauðsyn og mikilvægi réttarríkisins sem stutt er af öflugum og jafnréttismíðuðu velferðarkerfi, hefur þessi hefð ýtt undir tortryggni í garð þverfaglegra rannsókna á lögum og bókmenntum innan lagadeilda, vegna þess að bókmenntaleg og menningarleg nálgun er ekki hluti vísindalegrar, eða formlegrar pósitívískrar aðferðafræði í lögum.

Það hefur því ekki verið létt verk að kynna forsendur laga og bókmennta innan lagadeilda í Danmörku. Í evrópskum og dönskum lagadeildum er gjarnan litið svo á að „lög séu lög“ sem þýðir að nemendum er ætlað að lesa hefðbundið kennsluefni sem samið er af lagaprófessorum og draga ályktanir um lögin með því að kanna lagasetningu og niðurstöður í dómsmálum. Bókmenntir eiga þar engan augljósan þegnrétt. Bókmenntir tilheyra afmörkuðu sviði einkalífsins. Slík afstaða er skiljanleg þar sem við þörfnumst góðra lögfræðinga og þekking á lögum er undirstaða fagmennsku á sviðinu. Þótt almennt sé viðurkennt að lestur góðra bóka sé undirstaða vitsmunabroska, jafnvel meðal lögfræðinga, er hann ekki talinn vera viðfangsefni laganáms.

Þetta er myndin sem við blasir en sé málið skoðað betur, einkum ef litið er lengra aftur í tímann, verður heildarmyndin blæbrigðaríkari. Það er einkum tvennt sem spilar þar inn í. Annars vegar hafa réttarheimspekingar lengi haft áhuga á félagsfræði og hagfræði. Hins vegar er löng hefð

í öllum dönskum háskólum, ekki síst í rótgrónum deildum eins og laga-deildum, fyrir því að gera ráð fyrir almennri undirstöðuþekkingu (*Bildung*) meðal fagstétta. Fyrir aldamótin 1900 var laganemum gert að nema klassísk fræði í menntaskóla, þar á meðal forn-grísku og latínu. Þegar þetta tók að breytast um aldamótin 1900 fóru menn að ræða í Þýskalandi (og síðar í Danmörku) hvort hægt væri að sjá fyrir sér dómara sem ekki þekktu neitt til menningar Forn-Grikkja og væru ófærir um að lesa Platon á frummálinu. Að þessu leyti hafa forsendur laga og bókmennta falið í sér eins konar afturhvarf til eldri hugmynda um menntun, að minnsta kosti í Danmörku. Nú er vaxandi skilningur á því að lestur skáldverka og menningarleg inn-sýn í lögín séu mikilvægur þáttur í menntun lögfræðinga, sem eiga að vera færir um að gefa okkur góð ráð eða, ef svo ber undir, fella yfir okkur dóma.

Í bókmenntafræðideildum hefur kynning námskeiða um lög og bókmenntir ekki verið eins umdeild og í lagadeildum, þó svo að rannsóknarsviðið sé talið ‚sérvískulegt‘ og borið hafi á áhyggjum um að fagurfræðileg sjónarmið séu þar fyrir borð borin. Á sviði samunburðarbókmennta er löng hefð fyrir þverfaglegum rannsóknum og því má líta á áhuga á lögum og bókmenntum sem framhald af áhuga bókmenntafræðinga á afbyggingu, mælskufræði, menningarfræði og nýsöguhyggju, svo dæmi séu nefnd.

Bæði í lagadeildum og bókmenntafræðideildum, þar sem boðið er upp á þverfræðileg námskeið um lög og bókmenntir, hefur lögfræðileg og bókmenntafræðileg umræða um helstu leikverk, skáldsögur og smásögur heimsins sannað gildi sitt. Í námskeiðinu við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla látum við nemendur lesa *Oresteiu* eftir Æskýlos og *Antígónu* eftir Sófókles. Við drögum gjarnan fram hliðstæður milli *Antígónu* og skrifa Thomas More frá 16. öld, við spyrjum hvort ástæða sé til að telja friðarspilla í raun vera hetjur sem skilgreini eigin sjónarmið eða hvort Kreon og Hinrik VIII hafi eitthvað til síns máls þegar þeir heimta að aðrir beygi sig undir lög sem þeir hafa sjálfir sett. Það er spennandi að ræða stöðu Portú í þeim ein-kennilegum réttarhöldum sem fram fara í Feneyjum þegar Sælökk gengur svo langt að innheimta upp í skuld pund af mannlegu holdi. Jafnframt hafa líflegar umræður spunnist um Billy Budd og Vere skipstjóra þegar við lesum sögu Melvilles sem vera ætti á leslista allra sem verið er að búa undir að setjast í dómarasæti. Er Vere aðeins of ákafur til að virðast hlutlaus? Meðal annarra öndvegisrita heimsbókmenntanna sem við lesum eru *L'Étranger* (*Útlendingurinn*) eftir Camus og *Der Process* (*Réttarhöldin*) eftir

Kafka; við ræðum þá meðal annars hvort þýddur titill þess síðarnefnda hafi aðra merkingu en þýski titillinn. Við endum gjarnan námskeiðið á því að lesa um klípu dómans í *Waiting for the Barbarians* (*Beðið eftir villimönnum*) eftir J.M. Coetzee. Leslistinn sem við höfum sett saman samanstendur þannig af sígildum verkum frá löndum bæði austanhafs og vestan.

Önnur þekkt verk á listanum eru *Prestupeniye i nakazaniye* (*Glepur og refsing*) eftir Dostojevskí, hin langa og núturlega saga *Michael Kohlhaas* (*Mikkjáll frá Kolbeinsbrú*) eftir Heinrich von Kleist, og stórskemmtilegt leikrit hans, *Der zerbrochene Krug* (*Brotna krukkan*). Það er jafnan talið einhver mikilvægasti gamanleikur þýskra bókmennta frá 19. öld en þar leikur síðspiltur dómari úr smáporpi aðalhlutverk.

Frá Norðurlöndunum bætum við gjarnan við Íslendingasögunum, verkum eftir Holberg, Ibsen og Strindberg og, síðast en ekki síst, mikilvægu verki frá Danmörku. Þetta er *Præsten i Vejlbj* (*Vaðlaklerkur*), hnitmiðuð skáldsaga eftir danska rithöfundinn Steen Steensen Blicher (1782–1848).³ Hún er á lista menningarmálaráðuneytis Danmerkur yfir tólf öndvegisrit danskra bókmennta.⁴ Jafnframt vitna bókelskir danskir lögfræðingar oftár í þessa sögu en flestar aðrar.⁵ Hún telst líka vera ein fyrsta nútímaglæpa-saga Vesturlanda. Í henni er dregin upp mjög áleitin og nútímaleg mynd af

³ Athugasemd þýðenda: Sagan kom fyrst út í íslenskri þýðingu Gunnars Gunnars-sonar í tímaritinu *Samvinnunni* árið 1958. Árið eftir lét Gunnar prenta söguna í 300 eintökum og sendi bókina vinum og vandamönnum sem höfðu heiðrað hann með gjöfum og kveðjum á sjötugsafmæli hans. Þýðingin rataði ekki á almennan markað fyrr en árið 1964 þegar Almenna bókafélagið gaf hana út á bók. Hér á eftir verður vitnað í þessa síðustu útgáfu verksins og notuð þau nöfn á persónur sem þar er að finna.

⁴ Sjá heimasíðu menningarmálaráðuneytis Danmerkur: „Kulturkanonen“, *Kulturministeriet*, sótt 21. júní 2016 af https://kum.dk/uploads/tx_templavoila/KUM_kulturkano_nen_OK2.pdf.

⁵ Meðal lögfræðinga sem skrifað hafa um verkið eru: A. P. Larsen, *Sagen mod Præsten i Vejlbj: Og de dage der fulgte*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1951, Henrik G. Poulsen, *En Kriminalhistorie: Blicher og Præsten i Vejlbj*, Kaupmannahöfn: Steen Hasselbalch, 1970 og Peter Garde, *Dommerens litteraturhistorie*, Kaupmannahöfn: Djøf forlag, 2007. Athygli vekur sameiginlegur áhugi þessara höfunda á tengslum hins raunverulega máls við sögu Blichers, einkum á því hvort hinn raunverulegi prestur hafi verið sekur eða saklaus. Í þessu samhengi má einnig nefna skrif sagnfræðinga: Severin Kjær, *Præsten i Vejlbj: Søren Jensen Quist, hans Slægt og Samtid: En gammel Kriminalhistorie*, Kaupmannahöfn: Pio, 1894. Peter Garde rannsakaði dómara í dönskum og norrænum bókmenntum og hann taldi að í sögu Blichers væri að finna fyrsta dæmið um dómara sem lýst væri sem mannlegum. Sjá: Peter Garde, *Dommerens litteraturhistorie*, Kaupmannahöfn: Djøf forlag, 2007, bls. 130.

veikgeðja og vaklandi dómara sem gerist ítrekað sekur um það sem Richard Weisberg hefur kallað „orðavaðal“, í stað þess að þjóna réttlætinu.⁶

Glepasagan og höfundur hennar

Steen Steensen Blicher starfaði lengst af sem prestur fjarri höfuðborginni, í Spentrup á Jótlandi sem þótti fremur afturhaldssamt svæði. Hann samdi ljóð og ritgerðir en er þekktastur fyrir smásögur sínar sem flestar gerast í sveitum og er sögufnið iðulega fengið úr lífi alþýðufólks sem stritar á hrjóstrugum en fögrum heiðum Jótlands. Gagnrýnendur hafa gjarnan lofað höfundinn fyrir sannfærandi lýsingar á sálarlífi þessara einstaklinga, lagt áherslu á hvernig hans eigið rótleysi endurspeglast í skáldskap hans og ekki síst þá bölsýni og jafnvel forlagahyggju sem birtist í harmrænum sögulokum verka hans.

Vaðlaklerkur gerist þó hvorki á hrjóstrugum Jótlandsheiðum né er efni-viðurinn fenginn úr samtíma Blichers. Sagan kom fyrst út árið 1829 í vinsælu mánaðarriti, *Nordlyset (Nordurljósin)* sem höfundur ritstýrði sjálfur, og bar þá undirtitilinn „Glepasaga“. Aðalpersónan, Søren Quist, er lúterskur prestur í dönsku þorpi við upphaf 17. aldar sem er sakaður um og dæmdur fyrir morð á vinnumanni sínum.

Kjarni sögunnar er ekki hugarburður Blichers. Tveimur öldum áður en sagan kom út hafði slíkt mál ratað fyrir æðsta dómstig landsins, konungsdóm, og leitt til þess að prestur að nafni Søren Quist var dæmdur til dauða árið 1626. Hið „raunverulega“ mál snerist um hvarf vinnumanns Sorens og orðróm sem spannst um að hann hefði verið myrtur af hinum skapstóra klerki. Dómstólar létu málið þó ekki til sín taka á því stigi heldur liðu 18 ár þar til ákæra var loks lögð fram árið 1625. Í millitíðinni hafði lík af óþekktum manni fundist í þorpinu. Vitni bar fyrir rétti að hafa orðið sjónarvottur að morðinu og aðrir vitnuðu um einkennilega hegðun prestsins.

Hann var loks dæmdur til dauða og var dómurinn staðfestur af hæstarétti Danmerkur og konungsdómi. Síðar, árið 1634, viðurkenndu tvö vitnanna að þau hefðu logið fyrir dómi. Í kjölfarið voru þau einnig tekin af lífi en aðrir, sem grunaðir voru um að hafa hvatt viðkomandi til að bera ljúgvitni, sýknaðir vegna skorts á sönnunargögnum. Árið 1635 voru þessir sýknudómar staðfestir af konungsdómi. Þrátt fyrir þessa formlegu niðurstöðu var orðrómur um málið áfram á kreiki. Upp komu efasemdir

⁶ Richard Weisberg, *The Failure of the Word: The Protagonist as Lawyer in Modern Fiction*, New Haven: Yale University Press, 1989, bls. 29.

vegna þess hve langur tími leið milli þess að meintur glæpur átti sér stað þar til málið rataði til dómstóla sem og um trúverðugleika vitnanna. Málavextir voru raktir í kirkjuannál ársins 1747 af danska biskupnum Erik Pontoppidan.⁷ Nú á dögum erum við ekki í stöðu til að fullyrða að dómsmórð hafi verið framið. En þrátt fyrir það hefur sagan af prestinum, sem var hugsanlega ranglega dæmdur, enn umtalsvert aðdráttarafl. Það að Blicher skyldi að 200 árum liðnum heyra fólk ræða málið sín á milli ber vott um að sagan hafi lifað góðu lífi í vitund dansks almennings.

En Blicher rekur ekki aðeins málavexti. Hann tekur hráar sögulegar staðreyndir og breytir þeim í nútímalega heimspekilega frásögn um lög og rétt. Með því að taka afstöðu til hver hafi verið sannleikurinn í málinu snýr hann upp á sögufléttuna svo um munar. Samkvæmt frásögn Blichers er presturinn *ranglega* ásakaður og dæmdur og þar með er aftakan dómsmórð. Einnig skiptir máli að meginhluti frásagnarinnar er lagður í munn nýskipuðum dómara sem, eins og venja var á 17. öld, er einnig amtmaður og ber því jafnframt ábyrgð á almennri löggæslu. Dómarinn heitir Eiríkur Sörensen og er frásögn hans kynnt sem dagbókarskrif þrátt fyrir að textanum sé ekki skipað niður eftir dögum. Sagan er því sérkennileg blanda af bókmenntagreinum, þar koma meðal annars saman glæpasaga og dagbókarannáll. Titill verksins vísar til fórnarlambins en að ýmsu leyti er sögumaðurinn, það er dómarinn, aðalpersóna hennar. Styrkur verksins liggur ekki síst í blæbrigðaríkri (sjálfs)mynd hans.

Dómarinn og sögumaðurinn Eiríkur er einn af mörgum vafasömum fulltrúum réttlætisins sem fræðimenn á sviði laga og bókmennta hafa lengi fengist við, jafnvel þótt hann skeri sig líka úr að sumu leyti. Honum er ekki lýst sem valdsmannslegum holdgervingi laganna, eins og við rekumst gjarnan á í eldri bókmenntum, til dæmis í tilviki Kreons í *Antígónu*. Hann er ekki heldur slóttugur ræðuskörungur, líkt og hr. Jagers sem vill fá „sannanir fyrir öllu“ í *Great Expectations (Glestum vonum)* eftir Dickens. Eiríkur er einnig ólíkur rannsóknarlögreglumanninum úr *Glæpi og refsingu*

⁷ Sbr. Erik Pontoppidan, *Annales ecclesie Danicæ diplomat ici frá 1747*. Hins vegar hefur skapast nokkur umræða um hvaðan Blicher hafi fengið upprunalegan innblástur að verkinu. Til dæmis hefur Peter Garde, með hliðsjón af skrifum Pauls Skadhauge í *Aarbus Stiftstidende* 22. og 23. nóvember árið 1945, sagt að það sé möguleiki að Blicher hafi í raun orðið fyrir áhrifum af smásögunni „Nemesis, eller Sandheden kommer for Dagen“ („Óvinir, eða Sannleikurinn kemur í ljós“) eftir Louise Hegermann-Lindencrone sem birtist fyrst í tímaritinu *Gefion* árið 1827, en í sama tölublaði átti Blicher þrjú ljóð og því er hægt að leiða líkur að því að hann hafi lesið söguna. Sjá: Peter Garde, *Dommerens litteraturhistorie*, bls. 132.

eftir Dostojevskí, Þorfirí Petrovits, sem var á mælikvarða síns tíma nútíma-
legur og kaldrífjafur rannsakandi sem beitir sálfræðilegri innsýn sinni til
að góma morðingjann. Eiríkur er fremur veikgeðja en samviskusamur lög-
fræðingur sem vill gera sitt besta. Hann telur sig vera þjón laganna og
sinnir skyldum sínum í samræmi við þröngan skilning á lagabókstafnum.
En eftir því sem á söguna líður verður ljóst að honum eru mislagðar hendur
í meðferð sinni á lögnum, enda lætur hann sínar eigin tilfinningar,
trúarsannfæringu og ofmat á óskekuleika Vaðlaklerks afvegaleiða sig.

Sögubráðurinn

Í sögunni eru þrjár aðalpersónur kynntar til leiks. Eiríkur er hinn nýskip-
aði dómari amtsins sem Vaðlasókn tilheyrir. Prestinum Sören er lýst
sem rosknum og afskiptasömum manni en um leið er hann einstæður
umhyggjusamur faðir dótturinnar Mettu. Þorparinn í sögunni er Marteinn
brúsi sem er auðugasti landeigandinn í sveitinni og þekktur fyrir að mis-
nota sér aðra. Fjórða aðalpersóna verksins er yngri bróðir hans, ónytungurinn
Níels brúsi sem er um hríð vinnumaður hjá klerki, en bróðir hans
beitir honum einnig fyrir sig í eigin ráðabruggi.

Við upphaf sögunnar er Eiríkur nýkominn að Vöðlum. Hann heimsækir
prestinn og ekki líður á löngu þar til þau Metta fella hugi saman og
skáka til hliðar Marteini sem sjálfur hafði verið vonbiðill prestsdóttur. Hin
eiginlega rás atburða hefst þegar Níels hverfur og Marteinn bróðir hans
tillkynnir um hvarfið. Í hönd fer rannsókn sem leiðir til uppgrafar í garði
prestsins þar sem finnst illa leikið lík klætt í föt af Níelsi. Eiríki, sem yfir-
valdi í amtinu, er skiljanlega brugðið við fundinn, sérstaklega þar sem allur
grunur fellur á prestinn. Skapofsi klerks er á vitorði allra í sókninni enda
hefur hann verið staðinn að því að berja vinnufólk sitt. Trúlofun og vænt-
anlegt brúðkaup Eiríks og Mettu flækir auðvitað málið og verður til þess
að dómarrinn velkist í vafa um hvort honum sé stætt á að taka málið að sér.
Hann ákveður þó að lokum að gera það og þar með verður sagan að ýmsu
leyti úttekt á þessari augljóslega slæmu ákvörðun.

Málið kemur upp á óheppilegasta tíma í lífi dómarsins og stofnar heill
og hamingju hans í hættu. Marteinn brúsi, bróðir vinnumannsins sem
virðist hafa verið myrtur, gefur í skyn að dómarrinn hljóti að verða hlut-
drægur. Hins vegar er Eiríkur sannfærður um að hann geti unnið faglega
og tryggt prestinum eins réttláta málsmeðferð og hægt er, hann geti í senn
forðast að draga taum klerks og staðið mannúðlega að málum. Í dagbókum

sínum, sem lýsa gangi mála og hans eigin hugleiðingum, segir hann síðar frá samtali sínu við Mettu þar sem hann reynir að sannfæra hana um að ef hann teldi unnt að finna einhvern sem ekki væri eins ósveigjanlegur og hann sjálfur myndi hann „víkja úr dómarasæti og segja af [sér] embætti“.⁸ En á sama tíma er hann svo „skelfdur og angraður“ að hann fær „naumast haldið á pennanum“.⁹

Við uppröftinn á líki hins óþekkta manns nægir Eiríki dómara að sjá klæðin, eyrnalokk og hatt til að sannfærast um að morð hafi verið framið og að fórnarlambið sé Níels brúsi. Lykilatriðið, eins og nærri má geta, er að hann hefur á röngu að standa. Undir lok sögunnar kemur í ljós að þótt presturinn og Níels hafi átt í útistöðum var sá síðarnefndi ekki myrtur. Í raun mútaði Marteinn bróður sínum til að hverfa af landi brott. Líkið er af öðrum manni sem nýlega hafði svipt sig lífi. Marteinn, sem ber kala til Sörens og verðandi tengdasonar hans, hafði sjálfur klætt líkið í fót Níelsar og grafið það í garði prests að næturlagi. Við verkið dulbjó hann sig í hempu og sneri baki í vegfarendur svo þeir héldu að þar væri klerkurinn að verki. Með því að sviðsetja klerk sem morðingja hefndi Marteinn sín á bæði honum og keppinauti sínum, dómaranum.

Eiríki virðast sönnunargögnin öll benda til sektar Sörens og meðan á málaferlum stendur safnar hann vitnisburði fólks úr sókninni sem segist hafa beinlínis séð til prestsins grafandi í garðinum að næturlagi. En Eiríkur lætur hjá líða að gagnspyrja vitnin. Hann kannar ekki hvernig þau geti verið viss um að hafa séð prestinn en ekki bara einhvern hempuklæddan mann. Eftir að hafa hlýtt á framburð vitnanna kemst meira að segja klerkur sjálfur á þá skoðun að hann hafi óafvitandi framið morðið þegar hann gekk í svefni. Þess vegna gengst hann við glæpnum og er í kjölfarið dæmdur til dauða og tekinn af lífi. Vélabrögð Marteins brúsa virðast bera tilætlaðan árangur. Eftir dauða prestsins er brúðkaupi Mettu og Eiríks aflýst og í kjölfarið syrtir enn frekar í álinn hjá dómaranum.

Dagbókarskrifum hans lýkur skyndilega rétt fyrir aftöku prestsins. Það er ekki fyrr en mörgum árum seinna, þegar Níels brúsi snýr aftur heim, langþreyttur á eymdinni í útlöndum, að ljóst verður að dómarrinn hefur látið Marteinn brúsa blekkja sig. Í þessum síðasta hluta sögunnar tekur prestur úr nærliggjandi sókn við hlutverki sögumanns. Hann segir frá því að Eiríkur hafi um margra ára skeið verið einsetumaður, án sinnar ástkæru

⁸ Steen Steensen Blicher, *Vaðlaklerkur*, þýð. Gunnar Gunnarsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1964, bls. 44.

⁹ Sama rit, bls. 23.

Mettu, og þjáðst áfram af nagandi sektarkennd vegna ábyrgðar sinnar á aftöku prestsins. Þegar hann kemst að raun um að presturinn hafi í raun verið saklaus ber sektarkenndin hann ofurliði og dregur hann til dauða á fáeinum dögum.

Guðlegt réttlæti og lagabókstafur manna

Vaðlaklerkur er glæpasaga sem skrifuð var áður en sú bókmenntagrein hafði fyllilega mótast. Hún er í senn glæpasaga og réttarfarsdrama enda stýrir Eiríkur bæði rannsókninni og dæmir og sagan lýsir bæði rannsókninni á glæpnum og gangi málsins frammi fyrir dómstólum. Bæði uppbygging og efni sögunnar höfða sitt á hvað til tilfinninga og rökhugsunar lesandans en staðsetja um leið réttlætið á óljósum mörkum þessara tveggja sviða.¹⁰

Eiríkur er rökhyggjumaður og ákveðinn í að láta hvorki ytri áhrif eða eigin fordóma trufla dómgreind sína en hann er eftir sem áður tilfinningalega tengdur málsaðilum. Stíllinn ýkir þessa togstreitu og afhjúpar ríka samviskusemi og eftirsjá dómarans og um leið hellist áfallið og undrunin yfir hann þegar málið liggur að lokum ljóst fyrir. Höktandi stíllinn virðist bera vitni um hreinskilni dómarans þegar hann færir hugsanir sínar, kenndir og efasemdir til bókar, en samhliða má greina í dagbókinni ríka þörf hans fyrir að réttlæta sínar eigin gjörðir.

Sögur Blichers eru fyrirtaks skáldskapur en þær sýna einnig hve mikinn áhuga hann hefur á sagnfræði og hve umhugað honum er um virkni laganna í samfélaginu.¹¹ *Vaðlaklerkur* er harmræn saga, sem lýsir hræðilegum atburðum og afleiðingum þeirra, en andstætt því sem gjarnan er sagt um verk Blichers liggur styrkur sögunnar ekki aðeins í núturlegri lýsingu á sálarlífi nútímamannsins heldur einnig í meðvitaðri greiningu á lögum, trúarbrögðum og réttlæti.

¹⁰ Í byrjun dagbókarskrifanna skiptir Eiríkur um umfjöllunarefni á milli efnisgreina. Önnur hver efnisgrein snýr að starfi hans sem dómara og hinar að vaxandi hrifningu hans á dóttur prestsins, Mettu. Skiptingin truflar ekki flæði sögunnar heldur fléttast þessir tveir frásagnarþræðir saman og verða að einum í huga lesenda.

¹¹ Að þessu leyti minnir Blicher á samtímamann sinn, þýska rithöfundinn Heinrich von Kleist, sem hafði gefið út nokkrar af sínum merku sögum, þar á meðal *Michael Koblbaas*, aðeins tíu árum fyrr. Þegar hugað er að viðtökum á sögu Kleist kemur í ljós áþekkur áhugi fræðimanna á ævisögulegri túlkun og sálfræðilegri greiningu á gjörðum persóna, sem og hinu framandlega í sögunni. Aðeins nýlega hefur borið á rannsóknnum á raunsæislegum þáttum í verkum Kleists og áhuga hans á lagalegum grundvelli samfélagsins. Samanburðarrannsókn á skrifum Blichers og Kleists myndi sýna fram á hve þeir hafa líka sýn á bæði frásagnarhátt og lög.

Eins og áður var minnst á gerist *Vaðlaklerkur* á 17. öld en sagan varpar þó fremur ljósi á lagaskilning manna á 19. öld þegar hún var skrifuð.¹² Eiríkur dómari er ekki fulltrúi danskra embættismanna 17. aldar sem hafa í flestum tilvikum verið ólæsir og lítt menntaðir landeigendur úr viðkomandi amti. Eiríkur aðhyllist aftur á móti vísindalega aðferð við glæparannsóknir og túlkun á lögunum og reynir að bregða upp mynd af sér sem nútímalegum dómara sem láti hlutlægni stjórna skoðunum sínum og ákvörðunum. „Hvorki samúð né andúð, hvorki velvild né illvilji mega anda á skálar réttvísinnar, hvað þá snerta við þeim,“ skrifar hann í dagbók sína.¹³ Að hans mati sýnir dauðadómurinn yfir prestinum fyrst og fremst hversu vel honum sjálfum hafi tekist að leggja persónulega hagsmuni sína til hliðar og sanna þar með gildi hlutlægrar aðferðafræði. Hann virðist hafa staðið faglega að yfirheyrslum vitna og reynt að komast eins nærri, og mögulegt var, að hlutlægum sannleika í málinu.

Hann gerir ‚sitt besta‘ en lesendum verður ljóst að Eiríkur er á valdi falskrar hlutlægni. Þrátt fyrir vandvirknisleg vinnubrögð verða honum á mistök og í ljós kemur að rannsókn hans er yfirborðskennd. Þegar hann sér að líkið, sem er grafið upp í garði klerksins, er sannarlega klætt í föt af Níelsi brúsa ályktar hann samstundis, án þess að hafa uppi þær efasemdir sem honum ber, að þetta hljóti að vera lík Níelsar. Hann grunar Marteín um græsku en bælir þær grunsemdir þar sem honum finnst þær bera vott um samúð sína með prestinum. Líkfundurinn skýtur honum slíkum skelk í bringu að hann er ófær um að hugsa skýrt, eins og sést vel í dagbók- arfærslunni: „engu var líkara en blóðið storknaði í æðum mér; vonir mínar gervallar visnuðu sem ljá á sláttuteigi“.¹⁴ Og áfram heldur hann: „Hvernig átti ég að efast lengur? ... Málið lá mikils til of ljóst fyrir til þess, að um nokkurn vafa gæti verið að ræða. Þegar hér var komið var ég falli nær af ótta og viðbjóði“.¹⁵ Líkfundurinn í garði klerksins er vendipunktur sög-

¹² Danski dómariinn A. P. Larsen skoðaði þetta sérstaklega og sagði að hugmyndir dómarsins í verki Blichers væru ekki í anda 17. aldar þegar Kristján IV réði ríkjum heldur ættu þær betur við lagaskilning á síðari hluta 18. aldar. Sjá: A. P. Larsen, *Sagen mod Præsten i Vejby og de sager, der fulgte: Fremstillet efter akterne*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1951, bls. 21. Við upphaf 19. aldar, þegar Blicher skrifar verkið, voru amtmenn valdamiklir en þrátt fyrir það var ekki gerður sérstakur greinarmunur á milli framkvæmdavalds þeirra og dómsvaldinu sem þeim var falið. Sjá: Ditlev Tamm, *Retshistorie*, Kaupmannahöfn: Djøf forlag, 1990–1992, bls. 239.

¹³ Steen Steensen Blicher, *Vaðlaklerkur*, bls. 43.

¹⁴ Sama rit, bls. 36.

¹⁵ Sama rit, bls. 38.

unnar. Í kjölfarið verður það verkefni að fella dóm yfir presti að prófraun á hugrekki Eiríks og einnig, í vaxandi mæli, leið til að sýna að hann beygi sig undir Guðs vilja.

Allt frá upphafi frásagnarinnar leikur trúin veigamikið hlutverk enda er stranglúterskt andrúmsloft mikilvægur hluti sögusviðsins. Eiríkur byrjar dagbók sína á að vitna í Orðskviði Salómons: „Að dómi hvers og eins stendur Drottinn!“ (29:26).¹⁶ Í þessu efni er skilningur dómarans á lögnum meira í átt við viðhorf frá 17. en 19. öld. Hægt er að túlka umrædda setningu með almennum hætti á þá lund að maðurinn þiggi réttlætið frá Guði. Raunar styrkja nýlegar þýðingar á Biblíunni þann skilning.¹⁷ Innan sögu Blichers og í sögulegu samhengi danskra laga 17. aldar er hins vegar þrengri merking hennar nærtækari: að tiltekinn dómur yfir hverjum einstaklingi sé í höndum Drottins. Þessi bókstaflega túlkun treystir tengslin milli veraldlegra laga og trúarbragðanna, jafnvel trúarbragðanna í sinni elstu og ströngustu mynd, enda eru hér um bil allar tilvitnanir í sögunni í Biblíuna sóttar í Gamla testamentið.¹⁸

Sagan virðist staðfesta að dómurinn og aftakan á prestinum séu samkvæmt guðlegum vilja sem þýðir auðvitað að dómurinn sé sjálfur aðeins auðmjúkt handbendi Drottins. En kaldhæðni sögunnar er sú að málalokin eru ekki í höndum Guðs heldur aðeins hins útsmagna þorpara Marteins brúsa; þau eru afleiðing af blindu Eiríks á mannlega illsku og hans eigin ívið breisku og bjöguðu dómgreind. Túlkunarsamhengi trúarbragðanna reynist því vera hin djöfullega orsök mannlægs óréttlætis.

Í upphafi sögunnar er þetta ekki enn orðið ljóst. Tilvitnanirnar í Biblíuna virðast aðeins mynda siðferðilegan ramma utan um starf dómarans sem er að öðru leyti frekar jarðbundið og rökrétt. En eftir því sem á lesturinn líður kemur í ljós að ritningargreinarnar hafa ekki aðeins það hlutverk að staðfesta það forræði og þau siðferðileg viðmið sem búa í lagabókastafnum, eins og dómurinn telur sjálfur, heldur grafa þær einnig undan þessari framsetningu, þvert á áform dómarans. Hann er sannfærður

¹⁶ Sama rit, bls. 7.

¹⁷ Athugasemd þýðenda: Í 11. þýðingu á Biblíunni á íslensku, frá árinu 2007, hljómar sama lína svona: „réttur mannsins kemur frá Drottni.“

¹⁸ Á 16. og 17. öld var talið að í Gamla testamentinu væri að finna gild viðmið; bæði fyrir veraldlegt vald og dómskerfið. Augljós sönnun þess er að í dönskum lögum frá 1683, að undanskildum upphafsorðunum um hræðslu við dóma Guðs, eru hegningarlögin byggð á boðorðunum tíu úr 1. Mósebók. Sjá: *Kong Christian Den Femtis danske Lov*, 6. bók, „Om Misgjæringer“, Kaupmannahöfn: Joachim Schmedtgen, 1683.

um að hann sé að framfylgja vilja Guðs og kemur því ekki auga á hversu veik sönnunargögnin eru. Jafnvel þegar rannsóknin fer í handaskolum efast hann ekki um gildi sönnunargagnanna heldur leitar skjóls í kristilegum stílbrögðum. Þegar presturinn er leiddur fram í dómsalinn, hlekkjaður á höndum og fótum, verður dómaraþingin til dæmis „hugsað til Lausnarans á þeirri stundu, sem hermennirnir leiddu hann fyrir Pílatus“.¹⁹ Niðurstaðan í því máli, sem og fullvissan um að úrskurðurinn um sekt sé að lokum í höndum Guðs, er það eina sem kemst að í huga dómaraþingarinnar og kemur í veg fyrir að hann geti hugsað rökrétt; hann lætur eins og presturinn sé þegar fordæmdur og ekki sé í mannlegu valdi að bjarga honum. Þegar unnusta hans, dóttir prestsins, spyr dómaraþingina hver niðurstaðan verði svarar hann: „vægasti dómur, stafaður af konungum himins og jarðar, er að líf komi fyrir líf“. Þegar Metta heyrir þau orð fellur hún á kné og mótmælir réttilega: „Ætlið þér að myrða föður minn?“²⁰

Þótt dómaraþingin hafi á réttu að standa um að refsing fyrir morð á þessum tíma hafi verið dauðadómur gefur notkun Mettu á orðinu „myrða“ til kynna að Eiríkur sé ekki aðeins handbendi laganna heldur meðsekur í drápi. Hún vísar þannig ómeðvitað til þess nútímaskilnings að dauðarefsing sé að einhverju leyti hliðstæða morðs. Frá sjónarhóli lesenda felst í orðum Mettu kaldhæðin forspá: Unnusti hennar mun í rauninni fremja ‚morð‘ þar sem presturinn er saklaus af glæpnum sem hann er sakaður um að hafa framið. Að orðin ‚vægasti dómur‘ séu notuð um hörðustu refsingu laganna hljómar kaldhæðnislega í eyrum lesandans og þau hljóta að hljóma enn hryllilegar í eyrum dóttur hins dauðadæmda.

Blicher var sjálfur prestur svo það er ekki úr vegi að velta fyrir sér hlutverki trúarbragðanna í sögunni og hvernig túlka megi þátt þeirra í þessu öfugsnúna réttlæti. Fórnarlambið er kristinn prestur en jafnframt er Eiríki dómara lýst sem manni siðferðilegra heilinda, heilinda sem eru sett í samband við kristna trú. Jafnhliða er Eiríkur hlutdrægur rannsakandi sem misnotar valdið sem hann þiggur frá almættinu, trúin hefur afvegaleitt hann og hann leitar skjóls í trúarlegri orðræðu til þess að skjóta sér undan ábyrgð sinni í veraldlegum eignum. Hann er að þessu leyti gjörólíkur rökhyggumanninum Auguste Dupin úr leynilögreglusögum Edgars Allan Poe. Hér verður samt að setja þann stóra fyrirvara að lesendur Blichers geta aðeins lagt mat á tilfinningar og heilindi dóm-

¹⁹ Steen Steensen Blicher, *Vaðlaklerkur*, bls. 40.

²⁰ Sama rit, bls. 47.

arans, sem og trú hans á guðlega forsjón, út frá dagbókarfærslum sem hann hefur sjálfur skrifað.

Sagan fjallar því ekki aðeins um lög, trú og tilfinningar heldur einnig, og kannski fyrst og fremst, um hvernig þessir þrír þræðir fléttast saman í frásögninni. Þær tilfinningar sem móta augljóslega skrif dómarsins stafa af ást hans til dóttur hins meinta morðingja og eru skýrt dæmi um sjálfstjáníngu í dagbókarformi. Eiríkur heldur dagbók, ekki aðeins til þess að fá yfirsýn yfir líf sitt, heldur einnig til þess að skapa ákveðna mynd af sjálfum sér, og afsaka þar með hvernig hann stóð að málarekstrinum. Þessi mynd af breyskum dómaramum er því andstæða hinnar jákvæðu myndar sem dregin er upp af saklausa fórnarlambinu, prestinum sem telur sér trú um að hann sé sekur og tekur afleiðingunum. Lýsing Eiríks á Vaðlaklerki sem harmrænni hetju er svo yfirdrífín að ástæða virðist til að taka stílféngum dómarsins með fyrirvara.

Falskar játningar og frásagnarþrá

Ein af ráðgátum verksins er játning Vaðlaklerks. Eiríkur dregur þá röngu ályktun að presturinn sé sekur eftir að líkið finnst í garði þess síðarnefnda. Á grundvelli vitnisburða sem hann hlýðir á kemst dómarrinn að þeirri niðurstöðu að presturinn hafi sést í garðinum í hempu sinni sömu nótt og líkið var grafið. Hins vegar stangast vitnisburður ólíkra aðila á sem leiðir til þess að dómarrinn fer aftur að efast um sekt prestsins. En eftir að presturinn hefur hlýtt á vitnisburðina játar hann sjálfur sök og dómarrinn ýtir efasemdum sínum aftur til hliðar.

Presturinn byrjar játningu sína á að fullyrða að hann hafi ekki vitað af hinni miklu synd sem hann var grunaður um – morðinu. Hann játar í rauninni aðeins að hafa erfiða skapsmuni, viðurkennir að hafa eitt sinn veitt hundi banvænt spark og sært nemanda einn svo illa með hníf að viðkomandi var heppinn að halda lífi. En orð hans um morðið á Níelsi brúsa eru loðin: „Fyrir yður, vini mínum er verið hefur – og nú dómara – skal ég meðganga afbrot, sem enginn vafi virðist leika á, að ég hafi drýgt, enda þótt ég sé mér þess ekki meðvitandi.“²¹

Presturinn hefur sannfærst um sekt sína eftir að hafa hlýtt á framburð vitna í málinu. Hann viðurkennir að hafa barið Níels brúsa en útskýrir að hann muni ekki eftir að hafa séð vinnumanninn látinn né grafið líkið með því að honum hætti til að ganga í svefni. Þótt dómarrinn sé bæði undrandi

²¹ Sama rit, bls. 57.

yfir og efins um þá skýringu kemst hann að þeirri niðurstöðu að játning prestsins hljóti að vera sönn. Hann skrifar í dagbók sína: „Framburður sakborningsins frá upphafi til enda og framkoma í hvítetna virðist sannleikanum samkvæmt, og sannleikanum fórnar hann fúslega lífi sínu með því að leggja sig fram um að leiða í ljós, hvað raunverulega hefur gerzt.“²² Að lokum er það þó ekki röksemdarfærsla prestsins sem sannfærir dómarann heldur hið hetjulega og leikræna sem í henni felst. Eina mögulega *svarið* við sögu af svo hetjulegri sjálfsfórni er önnur viðlíka hetjusaga: Dómarinn tekur að sér að dæma prestinn til dauða og fórna þar með hamingjuríkri framtíð sinni með dóttur prestsins. Þannig virðist hann drýgja hetjudað en það kaldhæðnislega er að „hetjuskapur“ hans felst í því að drepa tengdaföður sinn, og honum er þar ekki fyllilega sjálfrátt heldur er hann undir áhrifum af gjörðum prestsins. Dómarinn verður þannig þátttakandi í forðæmingu Vaðlaklerks yfir sjálfum sér. Ræða prestsins sannfærir dómarann svo fullkomlega að hann gefur alla frekari rannsókn á málinu upp á bátinn. Hér blasir við að frásögn í formi játningar er afar áhrifamikil verkfæri.

Í margar aldir var litið á játningu sem *drottningu allra sannana* og var hún meginþáttur í sakfellingu.²³ Hin viðurkennda sönnun var samhljóða vitnisburður tveggja vitna. Pýntingum var lengi beitt til þess að þvinga fram játningar en frá miðri 16. öld hafa þær verið bannaðar í Danmörku. Játningu má bæði túlka sem sönnun en einnig sem merki um að hinn seki beygi sig undir refsingu sína – og staðfesti þar með réttmæti dómsins. Foucault skrifar: „Með játningunni tók hinn ákærði sjálfur þátt í þeirri helgiathöfn að skapa trúverðuga refsingu.“²⁴ Litið var svo á að með því að knýja fram játningu væri glæpamanninum veitt tækifæri til að friðmælast við Guð og menn, ekki síst Guð. Glæpamaður sem hafði gengist við sekt sinni gat þar með tekið skref frá útskúfun í átt að stöðu ‚dýrlings‘, sérstaklega í morðmálum þar sem viðurlögin voru dauðarefsingar. Aftökur á þeim sem höfðu játað sök báru vissan svip af helgiathöfn.²⁵

²² Sama rit, bls. 61–62.

²³ Peter Brooks, *Troubling Confessions: Speaking Guilt in Law and Literature*, Chicago og London: University of Chicago Press, 2000, bls. 9. Michel Foucault, *Discipline and Punish: The Birth of the Prison*, London og New York: Penguin, 1977, bls. 37–38. Helle Vogt, „Likewise no one shall be tortured“: The use of judicial torture in early modern Denmark“, *Scandinavian Journal of History*, 39(1)/2014, bls. 78–99.

²⁴ Michel Foucault, *Discipline and Punish*, bls. 38.

²⁵ Sjá: Tyge Krogh, *Oplysningstiden og det magiske: Henrettelser og korporlige straffe i 1700-tallets første halvdel*, Kaupmannahöfn: Samleren, 2000, bls. 284–299.

Þetta gæti varpað ljósi á hvers vegna presturinn játar á sig glæp sem hann hefur ekki og man ekki eftir að hafa framið. Eins og Peter Brooks hefur bent á ber að líta á falskar játningar sem *sjálfstjáníngu*; játningin hefur verið viðurkennd tjáníng sjálfsins frá því á dögum rómantíkurinnar en eitt veigamesta dæmið sem Brooks ræðir er ritið *Les Confessions (Játningar)* eftir Jean-Jacques Rousseau.²⁶ Hvort sem viðkomandi er sekur eða ekki hefur játningin ósjálfrátt magnað aðdráttarafl. Þörfin fyrir að játa, sem drifin er áfram af stöðugri og alltumlykjandi sektarkennd, getur jafnvel orðið sannleiksástinni yfirsterkari: „Þar sem það er alltaf næg sektarkennd á kreiki er ávallt hægt að framkalla þær játningar sem eftirspurn er eftir, og bæling sektarkenndarinnar er í sjálfu sér öflugur hvati játninga,“ skrifar Brooks.²⁷ Hvatinn að játningu prestsins er almenn sektarkennd hans. Hann telur að jafnvel þótt hann sé ekki sekur um morðið á Níelsi brúsa hafi hann framið aðra glæpi og því sé ekki nema sanngjarnt að réttað sé yfir honum. Brooks ber játningu á glæp frammi fyrir rannsóknarlögreglumanni saman við játningar sjúklings í sálfræðimeðferð og hins trúaða í skriftastólnum. Í öllum þremur tilvikum stjórnast aðstæður af þeirri grunnþrá viðkomandi að afhjúpa sekt sína og skömm.

Í *Vaðlaklerki* má sjá öll þrjú formin sameinast í senunni þegar prestur játar sekt sína. Hann játar á sig glæp, játningin verður til þess að hann finnur samstundis til sálræns léttis og hún sannar líka að hann, sem kristinn maður, hefur axlað ábyrgð á sekt sinni og sé fyrir vikið verðugur guðlegrar náðar. Með játningunni stígur presturinn fyrsta skrefið í átt að andlegri upprisu sinni, hann leggur fram fyrstu vísbendingarnar um þessa upprisu strax fyrir dauða sinn á aftökustaðnum þar sem hann, eins og Álatjarnarprestur segir í dagbókarfærslum sínum, flytur ræðu um reiðina af slíkri „ógnar kynngi, röggsemd og einlægnum guðsótta“ að allir viðstaddir fyllast meðaumkun og aðdáun.²⁸ Fullkomin játning opnar þannig hlið náðarinnar.

Sé sagan túlkun sem epísk hetjusaga eru örlög prestsins gleðiefni. Öðru máli gegnir um Eirík dómara Sörensen. Dagbókarskrif hans einkennast af efagjörnum en þrálátum tilraunum hans til að réttlæta eigin gjörðir. Þó að hann skrifi dagbókarfærslurnar áður en hann kemst að því að presturinn sé saklaus er hann meðvitaður um eigin bresti, bæði í einkalífinu og starfi sínu sem dómari. Ólíkt ræðu prestsins ber dagbókin ekki vott um „röggsemd

²⁶ Peter Brooks, *Troubling Confessions*, bls. 9.

²⁷ Sama rit, bls. 21.

²⁸ Steen Steensen Blicher, *Vaðlaklerkur*, bls. 72.

og einlægán guðsóttá“; þvert á móti einkennist hún af eyðum, efasemdum, hikandi orðalagi og jafnvel þversögnum. Fyrir vikið eru dagbókarskrif dómárans máttlaus. Við skynjum að Eiríkur leynir fleiru milli línanna en hann greinir frá með beinum hætti og skrif hans, jafnvel í enn ríkara mæli en játning prestsins, eru gegnsýrð af sektarkennd. Sektarkennd dómárans er hins vegar ólík sektarkennd prestsins, þar sem útilokað er að miðla þeirri fyrrnefndu í samhangandi frásögn. Með vissum hætti er dagbók Eiríks enn augljósara dæmi um falska játningu en opinber játning prestsins Sörens.

Í samanburði við máttleysislega, ósjálfráða játningu Eiríks sýnir beinskeytt og áhrifarík játning prestsins vel fram á hvert samband er á milli frásagnar og sektarkenndar. Máli skiptir að við höfum aðeins aðgang að játningu prestsins í ófullkominni endursögn dómárans. Rétt eins og glæpamaður getur komið upp um sekt sína þegar hann reynir að setja saman sögu sem á að sanna sakleysi hans, virðist játning dómárans, sem hann telur vera hetjulega sjálfs-afhjúpun, í raun vera yfirklor. Með texta dagbókarinnar kemur hann óvart upp um þá djúpstæðu sektarkennd sem mótar alla frásögn hans. Þetta verður enn ljósara vegna þess hvernig hans eigin játning stingur í stúf við afdráttarlausa játningu prestsins en hún verður hið fullkomna viðmið í þessu sambandi. Blicher virðist líka benda á þetta með öðrum hliðstæðum í sögunni, það er lýsingunni á sambandi Eiríks við hinn slóttuga Marteín brúsa.

Í fyrsta hluta sögunnar óttast Eiríkur að fjölskylda þeirra Brúsa-bræðra ætli að hefna fyrir illa meðferð klerks á Níelsi og skrifar af því tilefni: „Raunar má búast við, að Brúsinn sæti færís að gera upp við hann sakirnar, en sem betur fer eru lög og réttur í landi; enginn þarf að óttast, að gengið verði á hluta hans að ósekju.“²⁹ Síðar, þegar Marteinn gefur í skyn að það séu óeðlilega náin tengsl milli dómárans og hins ákærða prests, notar hann sama orðalag: „Mér er sagt, að lög og réttur ríki í landi hér; ætti því morðingja að vera hegning vís, enda þótt hann væri tengdur sjálfum stiftamtmaninum.“³⁰ Dómarinn er þannig tengdur með beinum hætti við þorpáran í sögunni með því að láta þá taka líkt til orða og lýsa áþekkri afstöðu til réttlætisins. Báðir vitna þeir Marteinn og Eiríkur um trú sína á lög og rétt; þannig ber dómarinn á öðrum stað „veg réttlætisins“ saman við „hliðargötu hlutdrægninnar“.³¹

²⁹ Sama rit, bls. 19.

³⁰ Sama rit, bls. 26.

³¹ Sama rit, bls. 11.

Vitaskuld eru mennirnir tveir jafn ólíkir og þeir eru líkir.³² Á milli Marteins og Eiríks má greina spennu sem minnir á Jagó og Ópellón ólíkt þeim siðarnefnda, sem er holdgervingur sakleysisins, virðist dóm- arinn þjakaður af vitneskju sem hann hefur bælt niður, vitneskjunn um sína eigin sekt. Með því að stilla Marteini og Eiríki upp hlið við hlið er bæði vakin athygli á hvað þeir eiga sameiginlegt, að þeir kunna báðir að vera álíka sekir, en líka hvað greinir þá að. Þeir bera báðir ábyrgð á dauða prestsins en á meðan Marteinn er fullkomlega meðvitaður um sekt sína býr vitneskja Eiríks um eigin sekt djúp í vitund hans. Það er stuðandi þegar Blichers bendir á líkindin milli þorparans og fulltrúa laganna og leiðir í ljós þá ómeð- vituðu sjálfsblekkingu sem einkennir alla frásögn dómarans. Þrátt fyrir að Eiríkur haldi því stöðugt fram að hann þræði hina beinu braut laganna ber dagbókin vitni um hve órökvísir lögfræðilegir úrskurðir hans eru.

Sagan markast því af tvenns konar hliðstæðum, *annars vegar* á milli áhrifaríkrar og sannfærandi játningar prestsins sem dregur með írónsk- um hætti úr vægi máttlausrar, sjálfsblekkjandi og hikandi játningar dóm- arans og *hins vegar* á milli meinfýsinna vélabragða Marteins brúsa og ein- feldningslegra viðbragða hins löglærða manns, sem leiða í sameiningu til aftöku prestsins. Presturinn og Marteinn brúsi reynast vera afdráttar- lausari einstaklingar en dómarrinn. Sú fremur staðlaða mynd sem dregin er upp af þeim fyrrnefndu sem fulltrúum góðs og ills og fyrirsjáanlegum örlögum hvors um sig gefur til kynna að hér sé um að ræða sígilt bók- menntalegt andstæðupar. Segja má að dómarrinn sé nútímalegri persóna en þeir tveir, ekki vegna skoðana sinna heldur vegna þess að skrif hans eru í senn ómarkviss og margræð. Í þeim felst áhrifamáttur sögunnar. Stíllinn á dagbókarfærslunum er nútímalegur í þeim skilningi að hann afhjúpar hugaróra Eiríks, tilfinningalegt uppnám og mótsagnakenndar athafnir. Dómarrinn er breyskur nútímamaður, og margorð aðalpersóna, eins og Richard Weisberg hefur skilgreint hana: „Hvað sem örlögum persóna í slíkum verkum líður þá skilur hin margorða aðalpersóna [...] eftir sig slóð ruglingslegra og jafnvel falskra frásagnarþráða.“³³ Eiríkur leynir upplýs- ingum og jafnvel þó að ekki sé hægt að saka hann um að ljúga vísitandi þá koma þversagnirnar í dagbókinni upp um hann og sektarkennd hans. Það

³² Henrik Skov Nielsen telur dómsmorðið á prestinum vera afleiðingu fundarins milli ákærandans, Marteins brúsa, sem sé klókur en skortir siðferði, og sögumannsins sem sé fulltrúi siðferðisins en skorti klókindin. Sjá Henrik Skov Nielsen, „Narrativ Etik?“, *K&K. Kultur og Klasse*, 36(106)/2008, bls. 65.

³³ Richard Weisberg, *The Failure of the Word*, bls. 3

hve þessi viðbrögð dómarans eru snúin gerir söguna að góðu bókmenntaverki og áhugaverðri hugleiðingu um lögin. „Niðurstaða“ *Vaðlaklerks* er ekki eingöngu sú að lögin séu alltaf háð skeikulli túlkun mannanna heldur einnig að tilfinningaleg tengsl og frásagnarþrá geti sveigt þau til. Lögin eru ekki einfaldlega það sem þau eru.

Vangaveltur um dauðarefsingar

Ein gáfa Blichers sem höfundar var að geta fléttað fjölmörgum þráðum flókens samfélags saman í flókinni frásögn. En sagan felur líka í sér skýra og beinskytta gagnrýni á dauðarefsingar sem voru enn við lýði á hans dögum.³⁴ Gagnrýni Blichers á dauðarefsingar er gjarnan túlkuð sem hluti af mannhyggju hans. Slíkt kemur ekki á óvart þar sem Blicher vísaði sjálfur oft til húanískra hugmynda Upplýsingarinnar. En danskir gagnrýnendur hafa hneigst til að leggja siðferðilegan skilning í mannhyggju Blichers, sem veldur því að minna hefur verið rætt um skilning hans á dauðarefsingunni sem stofnun. Þessa afstöðu má finna í þeirri túlkun á sögu Blichers sem oftast er vitnað til, þar sem því er haldið fram að gagnrýni höfundarins á dauðarefsingar birtist í hnotskurn í eftirfarandi orðum prestsins frá Álatjörn: „Hvernig má það vera, að nokkur maður skuli treysta sér til þess að gerast banamaður bróður síns úr dómarsæti!“³⁵ Ein af augljósum ábendingum í sögunni er sú að dauðarefsingar séu óafturkræfar, þannig að þegar réttarmorð er framið sé dómariinn sjálfur orðinn „morðingi“, meðvitað eða ómeðvitað. En Blicher hefur líka áhuga á dauðarefsingunni sem lagalegri stofnun, persónubundnum og samfélagslegum áhrifum hennar og hættunum sem felast í að gera aftökur að opinberu sjónarspili. Þetta er ekki eins augljóst í sögunni en engu að síður mikilvægt.

³⁴ Dauðarefsingar voru lagðar af í Danmörku árið 1930. Síðasta borgaralega aftakan, á friðartímum, fór fram árið 1892. Dauðarefsingar voru svo aftur leyfðar eftir seinni heimsstyrjöld og síðasta aftakan fór fram árið 1950.

³⁵ Steen Steensen Blicher, *Vaðlaklerkur*, bls. 85. Søren Baggesen skrifar: „Hver dirfist að segja við bróður sinn, „Þér eigist dauðann skilið?“ Maðurinn er svo hættuleg vera, tengsl manna svo flókin og mannúðin svo takmörkuð að menn sjá ekki undirstöður raunveruleikans. Af þeim sökum þorir enginn maður að kveða upp dauðadóm yfir öðrum.“ („Ak! Hvad er dog et Menneske, at det tør opkaste sig til Bloddommer over sin Lige? Mennesket er et så farligt væsen, dets indbyrdes relationer er så komplicerede, og dets menneskelighed er så begrænsende, at det ikke kan se til bunds i sin egen virkelighed. Derfor tør det heller aldrig dømme noget menneske fra livet.“). Sjá Søren Baggesen, *Den blicherske novelle*, Árósar: Aarhus University Press, 1962, bls. 308.

Fyrstu þversagnakenndu áhrif dauðarefsingarinnar í frásögninni eru hvernig hún gerir klerkinum kleift að endurheimta trúarlegt forræði sitt. Hann gerir það strax með játningunni, þar sem hann tekur af skarið í túlkun á eigin sekt, en hann nær þó ekki fullu forræði fyrr en hann flytur sína síðustu predikun á aftökustaðnum. Með frásögn sinni þar breytir hann aftökunni í magnaðan vettvang sjálfstjáníningar sem gefur sögu hans það siðferðilega kennivald sem lögin reyna að hrifsa af honum. Þrátt fyrir að klerkur sé saklaus tekst honum að túlka örlög sín á svo áhrifaríkan hátt að saga hans fær keim af skáldlegu réttlæti. Það mætti jafnvel halda því fram að frásögn prestsins breyti ekki aðeins óumflýjanlegum dauða hans í persónulegan sigur heldur ögri beinlínis lögunum og breyti aftökunni í karnivalískan viðburð.

Til þess að skilja hvernig þetta gerist er nauðsynlegt að skilja að opinberar aftökur snerust ekki eingöngu um réttlæti heldur einnig vald. Eins og Foucault hefur útskýrt þjóna opinberar aftökur ekki aðeins því hlutverki að „endur-reisa réttlætið“; þær framkalla einnig vald, vald hins fullvalda konungs.³⁶ Presturinn nær slíkri stjórn á aðstæðunum að hann getur ráðskast með dómarann og bætir um betur með því að flytja kristilega predikun á aftökustaðnum þar sem hann beygir sig undir réttlæti Drottins. Hann neitar að leika hlutverk hins undirgefna glæpamanns sem sætir veraldlegum úrskurði. Í þessum skilningi er klerkurinn uppreisnarmaður. Í upphafi sækja lögin umboð sitt til trúarinnar, í rás sögunnar ruglar hún dómarann í ríminu en í lokasenuinni virðist trúin fær um að storka lögunum. Þó svo að lögin hafi formlegt vald yfir aftökunni lýtur viðburðurinn siðferðilegri stjórn Vaðlaklerks sem heldur um taumana allt til loka og hreyfir við þeim þúsundum manna sem hafa komið til að fylgjast með sjónarspilinu. Í predikuninni ræðir hann um reiðina og afleiðingar hennar og leggur þar út af Harmaljóðunum: „Drottinn [...] í ákafri reiði sinni útskúfaði prestinum“ (2:6).³⁷

Að sögn Foucaults urðu opinberar aftökur fyrir tíma Upplýsingarinnar oft að „miðpunkti lögleysu“.³⁸ Fólk gerði sér gjarnan dagamun til að verða vitni að aftökum og reyndi jafnvel að grípa inn í, ýmist til þess að bjarga hinum dæmda eða tryggja honum enn ofbeldisfyllri dauðdaga. Ósjaldan tók ofbeldið völdin, slagsmál brutust út eða grjótkast hófst og beindist ýmist að hinum dauðadæmda eða lögreglunni. Í grein sinni um dauðarefs-

³⁶ Michel Foucault, *Discipline and Punish*, bls. 48

³⁷ Steen Steensen Blicher, *Vaðlaklerkur*, bls. 73.

³⁸ Michel Foucault, *Discipline and Punish*, bls. 63.

ingar („Om Dødsstraffe“) varar Blicher við þeim hættum sem kunna að fylgja opinberum aftökum. Hann skrifar:

Meðal áhorfenda [að aftökunni] alast upp nýir frambjóðendur fyrir aftökustaðinn: banvæn öxin velur sér ný fórnarlömb. [...] Í huga margra hafa *opinberar* aftökur – sem eru í sjálfu sér sláandi og villimannlegar – einhvers konar skelfilegt aðdráttarafl, þær eru dáleiðandi, líkt og skröltormurinn: andaktin, hinn trúarlegi þáttur aftögunnar hefur skelfileg áhrif á þá sem hneigjast til dulspeki; hve margir hafa ekki orðið morðingjar til þess eins að fá að deyja svo *hátíðlegum* og – að mati hins veikgeðja – sæluríkum dauðdaga?³⁹

Blicher aðhyllist gagnrýni í anda Upplýsingarinnar, sérstaklega eins og hún birtist í skrifum Ítalans Cesares Beccaria um dauðarefsingar. Það er athyglisvert að í gagnrýni sinni á hinn „sláandi og villimannlega“ brag aftökunnar telur Blicher hátíðlega, trúarlega þætti hennar háskalegasta. Að hans sögn hræðist fólk hvorki sýninguna né mótmælir það ljótleika aftökunnar. Hún er þvert á móti svo hrífandi að áhorfendur gætu freistast til að fremja glæpi til þess eins að verða teknir af lífi. Það kann að felast viss kaldhæðni í túlkun Blichers og hægt er að efast um þau beinu tengsl sem hann telur vera á milli aðdráttarafls aftökunnar og fjölgunar glæpa. Samt er það söguleg staðreynd að aftökur voru gjarnan ‚hátíðlegar‘ og þeim fylgdu jafnan opinber fögnuður og glæpir.

Aftöku Vaðlaklerks er lýst sem alvöruþrunginni en jafnframt trúarlegri hátíð. Ekki kemur beinlínis fram að glæpir hafi verið framdir í kjölfar aftökunnar en ljóst er að hún hefur þau seiðandi eða dáleiðandi áhrif sem Blicher lýsir í grein sinni. Í sögunni er ítrekað lögð áhersla á að framganga prestsins veki upp samúð en jafnframt aðdáun meðal áhorfenda. Að því leyti er aftökustaðurinn ekki framlenging á dómsalnum eða á valdi kon-

³⁹ Á dönsku: „Blandt Tilskuerne [til henrettelsen] modnes nye Candidater til Retterstedet: den dræbende Oxe udkaarer sig friske Offere. [...] For Mange have de *offentlige* Henrettelser – som i og for sig selv ere oprørende og barbariske – en Slags rædsom Tillokkelse, en Fortryllelse, lig Klapperslangens: det Højtidelige, Religieuse i Samme har en frygtelig virkning på mystisk stemte Gemytter; hvor mange ere ikke blevne Mordere alene for at døe en saadan *festlig*, og – efter sværmende Sjæles Formening – salig Død?“, (upprunalega frá árinu 1827). Sjá: Steen Steensen Blicher, „Om Dødsstraffe“, *Arkiv for Dansk Litteratur*, bls. 264–268 hér bls. 265–266, sótt 19. mars 2016 af http://adl.dk/solr_documents/blich07-workid83697. Textinn er fenginn úr Steen Steensen Blicher, *Udvalgte værker*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1982–1983.

ungsins; hann er annars konar vettvangur þar sem ríkja aðrar reglur en þær sem stjórnin stigveldi innan samfélagsins og formlegum athöfnum. Eftir þennan dulmagnaða viðburð breytist sagan frá því að fjalla um hin flóknu áhrif kristilegrar orðræðu og rökfræði á skynsamlega skipan laganna og verður saga um sigur hinnar kristilegu orðræðu yfir lögunum. Lesendur skynja þessa breytingu og hún skapar óþægindi sem þeir losna ekki svo auðveldlega við, þar sem hæpin áhrif trúarbragðanna á veraldleg lög og rétt hafa verið efniviður sögunnar frá upphafi.

Hvernig eigum við þá að túlka sögulokin? Ljóst er að Blicher er gagnrýninn á dauðarefsingar. Hins vegar eru ástæður þess flóknar. Eins og áður var nefnt var hann ekki aðeins á móti dauðarefsingum vegna þess að þær buðu dómsmorði heim, þrátt fyrir að það sé í raun höfuðviðfangsefni *Vaðlaklerks*. Hann er einnig á móti dauðarefsingum vegna þess að þær hafa óheppileg samfélagsleg áhrif. Samkvæmt Blicher er soun að taka líf iðrandi syndara og hann vitnar í Beccaria þegar hann heldur því fram að mildari refsingar hafi einfaldlega betri áhrif á samfélagið.

Sem rithöfundur og þátttakandi í stjórn máli skipar Blicher sér í hóp með umbótasinum fremur en byltingarsinum. Það hefur einnig í för með sér að þótt hann tali fyrir mildari refsingum er hann algjörlega andsnúinn því að fórnarlömbum sé sýnd óhófleg samúð. Með því að láta klerkin flýta sína áhrifamiklu ræðu undir lok sögunnar vill hann að lesendur skilji hættuna sem felst í meintri undirgefni hins dæmda. Við eigum bæði að skynja þá röskun sem verður á valdajafnvæginu og þann óróa sem getur fylgt sjónarspili aftökunnar. Að þessu leyti erum við ekki beðin um að taka afstöðu gegn dauðarefsingu vegna samúðar með saklausum prestinum heldur af ótta við að hann geti, sem fórnarlamb, sölsað undir sig of mikið vald. Með táknrænum hætti tekst prestinum að ógna forræði laganna með sinni mögnuðu predikun og nýtur þar stuðnings frá Guði.

Trúarbrögð (eins og presturinn leggur þau upp) geta virst æðri lögum. Ennfremur, ef sögunni hefði lokið á ræðu prestsins á aftökustaðnum, væri það eflaust hin rétta, og bölsýna, túlkun á henni. Hins vegar lýkur sögunni ekki með dauða Vaðlaklerks heldur skrifar kollegi hans frá Álatjörn eftirmála þar sem hann rekur sögu dómarsins Eiríks Sörensen til loka; hvernig hann lifir, leystur úr viðjum blekkingar, óhamingjusömu lífi eftir aftökuna og deyr ömurlegum dauðdaga. Þess vegna fer því fjarri að í sögunni sé vald Drottins staðfest með jákvæðum hætti, eins og einn danskur

gagnrýnandi hélt nýlega fram.⁴⁰ Þvert á móti afhjúpar sagan hvernig trú á kristilegt forræði getur grafið undan lögum og rétti, ekki aðeins vegna þess að trúin getur hrakið lögin af vegi réttlætisins heldur einnig vegna þess að hún getur raskað valdajafnvægi samfélagsins.

Lokaorð

Gjarnan er litið á glæpasögur sem bókmenntagrein sem höfðar til almennings en skorti fagurfræðilega og samfélagslega dýpt. Það á sannarlega ekki við um þessa gömlu glæpasögu. Dramatísk uppbygging og lifandi persónusköpun gera hana afar skemmtilega, enda hefur hún verið kvikmynduð fjórum sinnum.⁴¹ En *Vaðlaklerkur* er ekki bara vinsæl saga heldur eitt af opinberum öndvegisverkum danskrar bókmenntasögu, full af „tregafullum harmi og seiðandi hnitmiðaðri dramatík“, svo vitnað sé til vefsíðu danska menningarmálaráðuneytisins. Höfundur er ennfremur hrósað fyrir að greina á gagnrýninn og fjölbreytilegan hátt samfélagsleg viðfangsefni og vandamál.⁴²

Sagan hefur bæði heillað og höfðað til lesenda um aldir. Þrátt fyrir að langt sé liðið frá því að Danir afnámu dauðarefsingar þá er gagnrýni á þær ennþá mikilvæg í alþjóðlegu samhengi. Ennfremur á saga lögfræðingsins sem upplifir togstreitu milli persónulegra hagsmuna, ábyrgðar í starfi og trúarlegrar sannfæringar enn erindi. Það sama á við um átökin og andstæðurnar sem eru á milli stíls hins meðvitaða, alltof samviskusama en jafnframt sakbitna dómara og hetjusögu hins heiðarlega fórnarlamb sem fær þó „uppreist æru“.

Það sem bókmenntir kenna okkur – og saga Blichers gerir það á sérlega hrífandi en jafnframt truflandi hátt – er að ábyrgð mannsins er aldrei eingöngu rökrétt og að ekki er hægt að slíta hana úr sínu félagslega og tilfinningalega samhengi. Í sögunni er varpað fram að minnsta kosti tveimur álíka áhugaverðum spurningum: Hvernig mótast lög, glæpir og refsing af

⁴⁰ Samkvæmt Jesper Langballe sýnir sagan að „aðeins úrskurður Guðs getur frelsað manninn.“ Sjá: Jesper Langballe, *Anlangendes et menneske: Blichers forfatterskab – selvopgør og tidsopgør*, Óðinsvé: University Press of Southern Denmark, 2004, bls. 286–287.

⁴¹ Skáldsagan *Vaðlaklerkur* var fyrst kvikmynduð sem þögul mynd árið 1922 af August Blom, næst árið 1931 af George Schnéevoigt, því næst fyrir sjónvarp árið 1960 af Palle Kjerulff-Schmidt og nú síðast árið 1972 af Claus Ørsted.

⁴² Sjá heimasíðu menningarmálaráðuneytis Danmerkur: „Kulturkanonen“, sbr. neðanmálsgrein 4.

stigveldi orðræðunnar á hinum félagslega vettvangi og hvaða áhrif hefur hin frásagnarlega þrá eftir sjálfstjáningu á framgang réttlætisins, innan sem utan réttarkerfisins? Við höfum reynt að einbeita okkur að þessum tveimur spurningum í þeirri von að greiningin varpi jafnframt ljósi á hve magnað verk Blichers er í raun og veru.

Þess má geta að S. M. Philips las söguna og birti hana árið 1874 í bók sinni *Famous Cases of Circumstantial Evidence* (*Þekkt dæmi um dóma sem byggðu á líkum*) undir titlinum „The Case of Soren Quist“.⁴³ Líklegt er að Mark Twain hafi rekist á söguna í bók Philips en í sögu sinni „Tom Sawyer, the Detective“ („Tumi gerist leynilögregla“) frá 1896 lætur hann titilpersónuna leysa mál sem minnir grunsamlega mikið á kringumstæðurnar í *Vaðlaklerki*.⁴⁴ Twain sagðist þó sjálfur hafa kynnst málavöxtum í sænskum heimildum. Það virðist vera enn ein yfirhýlmingin. Ritstuldur hefur alltaf verið einn drifkraftur bókmenntasköpunar. Ef vel tekst til getur hann auðgað bókmenntirnar. En í þessu máli heldur Blicher velli. Hinn heillandi margbreytileiki sögu hans gerir hana að ómissandi öndvegisverki á leslista þeirra sem leggja sig eftir rannsóknum á sviði laga og bókmennta.

⁴³ S. M. Philips, *Famous Cases of Circumstantial Evidence*, tvö bindi, Charleston: Gale, 2010–2011 (frumútgáfan er frá 1874).

⁴⁴ Sjá: Henry G. Leach, „Was „Tom Sawyer“ Danish or American“, *The New York Times*, 6. febrúar 1910. Athugasemd þýðenda: Íslenski titillinn vísar í eftirfarandi þýðingu: Mark Twain, *Tumi gerist leynilögregla: Drengjasaga*, þýð. óþekktur, Reykjavík: Ylfingur, 1951.